

## Umfang og starfsemi

Upplýsinga- og fræðslustefna Matvælastofnunar fjallar um hvernig stofnunin miðlar upplýsingum og fræðslu til almennings, hagaðila, fjölmiðla og annarra stofnanna. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á ímynd og traust til stofnunarinnar. Upplýsingagjöf og fræðslumálum er sinnt af sérfræðingum stofnunarinnar í mismunandi málaflokkum.

Löggjöf sem varðar stefnuna:

- upplýsingalög nr. 140/2012
- lög um Matvælastofnun nr. 30/2018
- lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018
- stjórnslög nr. 37/1993
- lög um matvæli 93/1995

## Stöðumat og helstu áskoranir

Eitt af meginhlutverkum Matvælastofnunar er að vinna að áhrifaríkum forvörnum á málefnasviðum stofnunarinnar í formi fræðslu og leiðbeininga. Til að slíkar forvarnir skili árangri þarf miðlun upplýsinga og fræðslu frá stofnuninni að vera með skilvirkum og aðgengilegum hætti. Áskorun stofnunarinnar er ofgnótt upplýsinga og því mikilvægt að koma réttum upplýsingum á framfæri við hagaðila og almenning.

Matvælastofnun meðhöndlar viðkvæm mál og mikilvægt er að vanda umfjöllun og upplýsingagjöf. Gagnsæi og fagmennska í upplýsingagjöf er líklegt til að auka traust og ásýnd stofnunarinnar.

## Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn Matvælastofnunar er að almenningur og hagaðilar þekki vel hlutverk og ábyrgð stofnunarinnar og beri traust til starfa hennar. Sömuleiðis að þekking almennings og hagaðila sé slík að matvælaöryggi, plöntuheilbrigði, dýraheilbrigði og -velferð sé tryggð.

Meginmarkmið Matvælastofnunar er að virk miðlun og samskipti við fjölmiðla, almenning og hagaðila verði til þess að skilningur á hlutverki og ábyrgð aðila sé til staðar.

## Markmið

- Áhrifaríkari fræðsla
- Bætt miðlun
- Aukið traust

Samþykkt af yfirstjórn 10. desember 2024.